

SAMÞYKKT

um bann við lausagöngu hrossa í Rangárvallahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur samþykkt að lausaganga hrossa sé bönnuð allt árið og er eigendum skylt að hafa hross í vörslum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., öðlast þegar gildi og gildir fyrir allan hreppinn. Samþykkt þessi kemur í stað auglýsingar frá 10. maí 1987.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. mars 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 183

9. mars 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, endurvinnslustöð Sorpu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2012, frá 29. apríl 1994.

Breytingin felst í að opið svæði við Dalveg verður iðnaðarsvæði þar sem starfrækt verður móttökustöð Sorpu fyrir úrgang.

Upplýsingar um hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 9. mars 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 184

15. mars 2000

REGLUR

um mælieiningarverð.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vörur til neytenda og kveða á um skyldu til að verðmerkja vörur með mælieiningarverði í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

Vörur sem skylt er að verðmerkja samkvæmt reglum um verðmerkingar skal einnig verðmerkja með mælieiningarverði hvar sem þær eru til sýnis - t.d. vörur í búðargluggum, sýningarkössum, í auglýsingum eða á annan hátt. Þegar um er að ræða vörur sem eru seldar í lausri vigt nægir að tilgreina söluverðið.